

Aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum 2026

Aðalfundur FsVfj 2026 var haldinn á Kaffihúsi Fisherman á Suðureyri við Súgandafjörð laugardaginn 27.júní kl. 13.00 Á undan fundinum var boðið upp á súpu fyrir þá sem komu langt að á fundinn.

Formaður félagsins, Lilja Magnúsdóttir, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Mættir voru 9 fundargestir. Hún stakk upp á sjálfri sér sem fundarstjóra og fundarritara. Það var samþykkt og Lilja stýrði fundinum.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningar lagðir fram.
3. Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga og afgreiðsla.
4. Inntaka nýrra félaga.
5. Kosning stjórnar,
6. Önnur mál:
 - Gestir á fundinum flytja ávarp,
 - Annað sem skógarbændur á Vestfjörðum vilja ræða á aðalfundi.

Skýrsla stjórnar

Lilja flutti skýrslu stjórnar og fór yfir fundi og verkefni stjórnar á síðasta starfsári. Aðalfundur félagsins á síðasta ári var haldinn á Laugarhóli í Bjarnarfirði þar sem voru mættir 21 fundarmenn og gestir. Kosning stjórnar, Lilja Magnúsdóttir formaður og Dagbjartur Bjarnason ritari voru kosin á síðasta aðalfundi til þriggja ára og þau gáfu bæði kost á sér áfram. Arnlín Óladóttir gjaldkeri var kosin 2023 til þriggja ára og gaf kost á sér áfram og var kosin einróma áfram. Varamenn í stjórn voru kjörin þau Oddný E. Bergsdóttir, Sæmundur Kr. Þorvaldsson og Hallþór J. Hákonarson á Eyri. Skoðunarmenn reikningar eru þeir Sighvatur Þórarinnsson og Halldór Þorgeirsson og til vara þær Svanhildur Sigurðardóttir og Julia C. Bos.

Haustið 2024 hélt Félag skógarbænda á Vestfjörðum málþing á Laugum í Sælingsdal sem krafðist mikillar vinnu af hálfu stjórnar og annarra sem komu að málþinginu. Ætlunin var að sambærilegt málþing yrði haldið á Norðurlandi síðasta haust en af því varð ekki ýmissa hluta vegna. Vonandi næst að halda þessum málþingum áfram þar sem nauðsynlegt er fyrir skógarbændur að hittast og ræða sín mál og fræðast um það sem efst er á baugi á hverjum tíma.

Á málþinginu á Laugum hittust forsvarsmenn skógarbændafélaganna ásamt fulltrúum frá SkógBÍ og Bændasamtökunum og ræddu sameiginleg málefni. Þar var skýr niðurstaða og samstaða meðal fundarmanna að halda starfsemi skógarbændafélaganna áfram úti um landið en jafnframt hvetja skógarbændur til að ganga í Bændasamtökin og í SkógBÍ til að efla hagsmunabaráttu skógarbænda gagnvart ríki og öðrum aðilum þar sem mikilvægi samstöðu skógarbænda skiptir máli.

Í framhaldi af þessari umræðu á Laugum hefur komist á sú hefð að formenn skógarbændafélaganna fimm úti um landið funda einu sinni í mánuði ásamt formanni SkógBÍ sem var Hjörtur Jónsson en hann lét af embætti á Búnaðarþingi í vetur og við tók Hrönn Guðmundsdóttir sem er hér með okkur í dag og ætlar að segja okkur frá starfsemi SkógBÍ og því sem ber hæst í málefnum skógarbænda. Starfsmaður

Skógbí, Sólrún Þórðardóttir hefur séð um þessa fundi og hún er einnig stödd hér í dag með Hrönn. Ég vil bjóða þær báðar velkomnar til okkar.

Jónína Sigríður Þorláksdóttir, sviðsstjóri þjónustu, ráðgjafar og umbreytingar ætlaði að vera með okkur í dag en hún forfallaðist og komst ekki vestur til okkar. Það er mjög miður því samtal milli skógarbænda og Lands og skóga er sífellt að verða mikilvægara til að upplýsingar flæði greiðlega á milli okkar og ég vil hvetja Hrönn og Sólrúnu til að koma á fundum með Landi og skógum og formönnum skógarbænda til að við höfum sameiginlegan vettvang til að ræða okkar hagsmunamál.

Stjórn félagsins hélt þrjá formlega stjórnarfundum á starfsárinu auk þess sem mörg símtöl áttu sér stað milli stjórnarmanna og við önnur skógarbændafélög. Á síðasta starfsári var farið af stað með leshópa hér á Vestfjörðum og náðist þátttaka í einn hóp á norðanverðum Vestfjörðum. Hópurinn hittist tvisvar eins og lagt var upp með og vonandi verður framhald á því starfi í vetur. Til stóð að annar hópur myndi starfa á höfuðborgarsvæðinu en ýmissa hluta vegna fór hann ekki af stað í vetur.

Stjórn samþykkti ályktun í haust sem send var til Lands og skóga um mikilvægi þess að allar skógarplöntur sem koma til afhendingar hér á Vestfjörðum séu lausar við hvers kyns óværu og afræningja. Ástæða þessarar bókunar var að asparglytta fannst í plöntum síðast liðið sumar en þær plöntur voru sendar til baka. Mjög mikilvægt er að reyna að tryggja að óværa berist ekki hingað vestur þar sem við höfum blessunarlega haft lítið af slíku að segja hingað til. Hversu lengi okkur tekst að verjast slíkum ófögnuði er þó ekki gott að segja og jafnvel orðið of seint að bregðast við því ég hafði spurnir af því að asparglyttan væri búin að nema land á Bíldudal í vor og hefði jafnvel verið þar tvö sumur. Það er þó engin ástæða til að gefast upp og sjálfsagt að við tökum öll höndum saman um að taka ekki við plöntum sem eru sýktar eða með einhvers konar kvikindi í farteskinu því þær plöntur uppfylla ekki gæðaskilyrði og við eigum hreinlega að neita að taka við slíkum vágestum.

Sólrún hefur verið mjög duglega að gefa út fréttabréf Skógbí mánaðarlega og ég hef reynt að senda það til félagsmanna hér og til þeirra skógarbænda sem ég hef netföng hjá þó þeir séu ekki félagsmenn hjá okkur. Öll fræðsla um málefni okkar skógarbænda er af hinu góða og Sólrún á þakkir skildar fyrir eljuna í þessum skrifum. Ég hef líka reynt að koma upplýsingum á framfæri á fésbókarsíðu félagsins en alltaf má gera betur. Ég vil hvetja ykkur félagsmenn til að deila áhugaverðum fréttum eða greinum um skógamálefnið inn á þessa síðu okkar svo sem flestir nái að fylgjast með. Land og skógur og starfsmenn þar eru líka duglegir að deila efni inn á síðuna okkar svo það er um að gera að fylgjast með síðunni.

Arnín og Sæmundur ætluðu að standa fyrir umhirðunámskeiði í vor en ýmissa hluta vegna gekk það ekki upp. Arnín ætlar að segja okkur aðeins frá þessu námskeiði og vonandi tekst okkur að standa fyrir slíku námskeiði í vetur eða vor. Við erum mörg hver komin með skóga sem þarf að fara að sinna, uppkvasta og grisja og því gott fyrir okkur að sjá hvernig best er að bera sig að við slíka vinnu.

Hér á eftir eru hefðbundin aðalfundarstörf á dagskrá auk þess sem gestir okkar Hrönn og Sólrún munu segja okkur frá sínum störfum og að fundi loknum hefur Helga Guðný í Botni í Súgandafirði boðið okkur í skógargöngu til sín. Það verður gaman að sjá skóginn hjá henni og ég hlakka alveg sérstaklega til að sjá hversu vel elrið stendur sig sem landgræðsluplanta.

Ársreikningar

Arnín gjaldkeri félagsins fór yfir reikningana og skýrði færslur. Fram kom að reikningar höfðu verið sendir út fyrir fundinn en einhverra hluta vegna höfðu þeir ekki birst í heimabönkum félagsmanna. Hún

hafði ekki fengið skýringar hver ástæðan fyrir því væri en mun halda áfram að krefja bankann um lagfæringu þannig að reikningar fyrir árgjöld munu koma fram í heimabönkum félagsmanna.

Að lokinni yfirferð á reikningum bar fundarstjóri skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins upp til samþykktar og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.

Inntaka nýrra félaga

Einn nýr félagsmaður var tekinn inn í félagið, Kristján Jónsson, Ísafirði og var hann boðinn velkominn.

Stjórnarkjör

Dagbjartur og Lilja voru kjörin til þriggja ára á aðalfundi 2024 og gáfu þau bæði kost á sér áfram til næsta árs. Arnlín var kjörin til þriggja ára 2023 og hún gaf kost á sér áfram. Arnlín var endurkjörin til þriggja ára. Varamenn voru þau Oddný E. Bergsdóttir, Sæmundur Þorvaldsson og Hallþór J. Hákonarson og voru þau öll endurkjörin. Skoðunarmenn reikninga voru þeir Sighvatur Þórarinsson og Halldór Þorgeirsson og til vara þær Svanhildur Sigurðardóttir og Julia C. Bos Voru þau öll endurkjörin.

Önnur mál

Gestir á fundinum voru Hrönn Guðmundsdóttir formaður búgreinadeildar skógarbænda innan Bændasamtaka Íslands, SkógBÍ og Sólrún Þórðardóttir starfsmaður SkógBÍ. Hrönn sagði frá starfi SkógBÍ og því sem samtökin eru að vinna að og hvert stefna skyldi í starfi fyrir skógarbændur. Sólrún Þórðardóttir, starfsmaður SkógBÍ sagði frá sínu starfi og þeim verkefnum sem eru í hennar verkahring og hvað er efst á baugi í starfi Bændasamtakanna. Umræður um samtökin og málefni sem þar eru til umræðu voru mjög líflegar og margar spurningar og ábendingar komu fram á fundinum.

Arnlín sagði frá umhirðunámskeiði sem félagið hyggst standa fyrir næsta vor sem væri opið fyrir félagsmenn og aðra áhugasama. Stefnt er að því að halda námskeiðið í Holti í Önundarfirði helgina 02-04.04.2027 og að félagið standi straum af gistingu og mat. Gert er ráð fyrir að fólk mæti á staðinn fyrri part laugardag, farið verði yfir bóklegar leiðbeiningar um umhirðu þann dag og síðan borðað saman og spjallað. Morguninn eftir verði síðan farið út í skóg og verkleg kennsla verður í skógi sem þarf að grisja og snyrta. Skógfræðingar í félaginu ætla að sjá um leiðbeiningar á námskeiðinu þannig að kostnaður þátttakenda er ferðakostnaður á staðinn. Námskeiðið verður auglýst þegar nær dregur en félagsmenn eru hvattir til að taka þessa helgi frá og koma á námskeiðið.

Fundi slitið kl. 14.30

Fundargerð ritaði Lilja Magnúsdóttir, fundargerð verður send félagsmönnum í tölvupósti.

Eftir fundinn á Suðureyri bauð Helga Guðný Kristjánsdóttir, bóndi í Botni í Súgandafirði í skógargöngu í skóginum sínum.